



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

20. Nóv. 2018

Málsnr.:

Bréfaiykil:

Reykjavík, 17. október 2018

R17110067

6631

HBL/bp

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Úlfarsfell - fjarskiptastöð - deiliskipulag

Á fundi borgarstjórnar þann 16. október 2018 var 11. liður fundargerðar borgarráðs frá 4. október; auglýsing vegna breytingar á deiliskipulagi Úlfarsfells, samþykktur með tólf atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn tíu atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn leggst alfarið gegn fyrirhuguðum framkvæmdum á einum vinsælasta útsýnisstað borgarinnar. Eftirtekt vekur hversu hart Reykjavíkurborg hefur gengið fram í þessu máli þvert gegn vilja íbúa Úlfarsárdals, Grafarholts sem og íbúa borgarinnar almennt. Það má sjá á þeim óleyfisframkvæmdum sem þegar hefur verið ráðist í og standa nú á Úlfarsfelli. Nú skulu téðar óleyfisframkvæmdir notaðar sem helstu rökin fyrir frekari framkvæmdum. Samkvæmt upplýsingum er helsti ávæningur af téðum framkvæmdum tengdur fm-útvarpssendum. Á sama tíma eru fm-rásir á undanhaldi víðast hvar í Evrópu. Málsrök bera með sér að slá skuli ryki í augu sjáandans með fyrirheitum um útsýnipalla og náttúruleg byggingarefni. Það er ekkert náttúrulegt við 50 m hátt stálmastur hlaðið tækjabúnaði sem sendir frá sér slíka geislun að búnaðurinn var tekinn niður í Kópavogi vegna ógnar við heilsu íbúa. Að ætla sér að færa vandann yfir á íbúa Reykjavíkur er ekki lausn. Það er ósvífni. Fyrir liggur að hér er um að ræða hagsmuni einkafyrirtækis, ekki íbúa.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Útsýnispallurinn mun draga að gesti og er fyrsti útsýnisstaðurinn í borginni sem verður aðgengilegur öllum. Með mastrinu mun útvarpsþjónusta á svæðinu batna, almannavarnarhlutverki útvarps verður betur sinnt og að sama skapi verður aðgangur

göngufólks að fjallinu ekki hindraður. Sviðsstyrkur í nágrenninu við mannvirkin verður vel undir mörkum ICNIRP-staðalsins og því hættulaus.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Úlfarsfellið er orðin ein helsta útivistarperla Reykvíkinga og vaxandi fjöldi gengur á fjallið dag hvern. Þá er Ferðafélag Íslands með skipulagðar göngur á Úlfarsfell vikulega. Það er ljóst að með þéttingu byggðar í Úlfarsárdal og Reynisvatnsási þá verður ekki prýði fyrir þá sem stunda útivist á Úlfarsfelli eða ekki síður hjá þeim sem búa á svæðinu af 50 metra háu fjarskiptamastri á toppi Úlfarsfells. Sjónræn áhrif verða því alltaf mikil af mastrinu. Fullt samráð þarf að vera við íbúa svæðisins og Ferðafélag Íslands þegar farið er í jafn viðamiklar framkvæmdir og fyrirhugaðar eru á Úlfarsfelli. Nú hefur komið í ljós að samráð hefur ekki átt sér stað við þá aðila sem málið varðar mestu.



Helga Björk Laxdal
e.u.